

Mánudaginn 3. október 1988.

Nr. 235/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Val Benjamín Bragasyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Hylming. Réttarfarsannmarkar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1987 að því er ákærða einan varðar. Málinu er áfrýjað að kröfu ákærða, en jafnframt af hálfu ákærvalds til staðfestingar sakfellingu og þyngingar refsingu.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Ríkissaksóknari krefst aðeins sakfellingar ákærða vegna þess myndbandstækis, sem hann viðurkennir að hafa keypt af meðákærða í héraði, Y.

Innbrot það, sem er rót máls þessa, var framið aðfaranótt páska-dags 7. apríl 1985. Ákærði segir, að Y hafi komið heim til sín með myndbandstækið á 2. í páskum eða páskadag (7. eða 8. apríl) og hafi kaupin gerst að kvöldi þess dags. Ekki er sannað í málinu, að ákærða hafi þá verið ljóst eða hlotið að vera ljóst, að tækið væri þjófstolið. Er blöðin komu út eftir páskahelgina með fréttir af innbrotinu í Gelli hf. vaknar grunur hjá ákærða, að tækið kunni að vera frá því runnið. Engu að síður kaupir hann eftir það annað myndbandstæki af mági sínum, sem hann þó vissi að sá hafði keypt af Y á sama tíma og hann sitt tæki. Í stað þess er hér var komið að kanna uppruna tækjanna, kemur hann þeim í geymslu, að hann segir, þar til hann við rannsókn málsins 18. apríl 1985 afhendir rannsóknarlögreglu tækin. Höfðu þá báðir, Y og mágur ákærða, skýrt rannsóknarlögreglu áður frá kaupum ákærða á tækjunum. Þegar framangreind atvik eru virt í heild sinni þykir nægilega sannað, að ákærði hafi ætlað í ávinningsskyni að halda tækinu. Telst hann hafa unnið til refsingar eftir 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til framanritaðs ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Það er aðfinnsluvert að mágur ákærða og Y komu ekki fyrir dóm eftir skipun verjanda ákærða til yfirheyrslu um þátt hans í málinu. Eigi þykir þó nauðsynlegt að ómerkja dóminn og málsmeðferðina af þeim sökum, þar sem verjandi átti þess kost að fá þessa aðila yfirheyra, ef hann taldi þörf á því.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð og málsvarnarlaun verjanda hans, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Valur Benjamín Bragason, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. maí 1987.

Ár 1987, föstudaginn 29. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 346-348/1987: Ákærvaldið gegn X, Y og Val Benjamín Bragasyni, sem tekið var til dóms 20. þ.m.

Málið er höfðað með 2 ákæruskjölum ríkissaksóknara. Með ákæruskjali, dagsettu 10. febrúar 1986, er málið höfðað á hendur ákærðu X, Val Benjamín Bragasyni verkamanni, Yrsufelli 15, Reykjavík, fæddum í Reykjavík 17. desember 1955, og Y fyrir eftirgreind brot gegn almennum hegningarlögum, framin í Reykjavík í apríl 1985:

„1. Ákærðu X og Y er gefinn að sök þjófnaður með því að hafa, að faranótt sunnudagsins 7. apríl, brotist inn í húsnæði verslunarinnar Gellis h.f., Skipholti 4, og stolið 3 myndbandstækjum, 5 sambyggðum útvarps- og segulbandstækjum, 3 myndavélum, taltæki, leifturljósi, áteknu myndbandi og öðru óáteknu og fjarstýringu fyrir sjónvarpstæki.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2. Ákærða Val Benjamín er gefin að sök hylming með því að hafa, nokkrum dögum eftir ofangreint innbrot meðákærðu, keypt af meðákærða

Y tvö af ofangreindum myndbandstækjum þrátt fyrir vitneskju um hvernig meðákærði Y var að þeim kominn.

Telst þetta varða við 254. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Þá er málið höfðað á hendur ákærða Y einum með ákæruskjali, dagsettu 24. mars 1986.

Málavextir eru þessir:

Ákæra, dagsett 10. febrúar 1986:

1. Aðfaranótt sunnudagsins 7. apríl 1985 var brotist inn í húsnæði verslunarinnar Gellis hf., Skipholti 4 hér í borg, og stolið þaðan 3 myndbandstækjum, 5 sambygðum útvarps- og segulbandstækjum, 3 myndavélum, taltæki, leifturljósi, áteknu myndbandi og öðru óáteknu svo og fjarstýringu fyrir sjónvarpstæki.

Samkvæmt ummerkjum á vettvangi hafði verið farið inn í húsið af skúrþaki, sem er áfast við bakhlíð þess, og þaðan eftir loftnetskapli inn um glugga á annarri hæð. Hafði verið farið þaðan niður stiga og brotin upp hurð að versluninni.

Ákærðu X og Y hafa við rannsókn málsins og fyrir dómi báðir skýlaust játað að hafa verið þarna að verki.

2. Við rannsókn þjófnaðarbrotisins hér að framan játaði ákærði Y að hafa selt 2 framangreindra myndbandstækja skömmu eftir innbrotið. Kvaðst ákærði, eftir innbrotið í húsnæði Gellis hf., hafa haft samband við ákærða Val Benjamín Bragason og sagt honum, að hann hefði 2 tæki til sölu og hafi ákærði Valur Benjamín vitað að þau væru stolin. Hafi ákærði Valur Benjamín keypt annað tækið og mágur hans, Örn Magnússon, Asparfelli 4, Reykjavík, hafi keypt hitt. Kvað ákærði Y að ákærði Valur Benjamín hafi greitt sér fyrir tækið með 20 áfengisflöskum og 5.000 krónum í peningum, en Örn hafi greitt sér 20.000 krónur fyrir hitt tækið.

Ákærði Valur Benjamín Bragason kannaðist við rannsókn málsins við að hafa keypt eitt myndbandstæki af Y. Ákærði kvaðst hafa hitt Y fyrir páska árið 1985 og hafi meðákærði boðið sér myndbandstækið til kaups. Hafi þá borið þar að mág ákærða, Örn Magnússon, sem hafi verið ölvaður, og hafi hann farið að tala við meðákærða Y. Það hafi svo verið 2. í páskum, er ákærði kom heim úr vinnunni, að sambýliskona sín hafi sagt sér, að meðákærði Y hafi komið með myndbandstæki á heimili þeirra og fengið það geymt þar. Hann hafi svo komið að kvöldi sama dags heim til ákærða

og boðið tækið til kaups fyrir um 30.000 krónur, en ákærði hafi ekki haft áhuga á því. Hafi meðákærði Y þá haldið áfram að lækka verðið og það endað með því, að ákærði keypti það af honum fyrir 15.000 krónur. Ákærði kvaðst síðan hafa lesið um innbrotið í verslunina Gelli í blöðunum eftir páska og þá dottið í hug að tækinu hefði verið stolið. Ákærði kvaðst um sama leyti hafa hitt mág sinn Örn Magnússon og hann þá sagt sér að hann hefði keypt myndbandstæki af meðákærða Y og einnig lesið í blöðunum um ofangreint innbrot. Hafi Örn viljað skila tækinu og beðið ákærða um að sjá um það. Ákærði kvaðst þá hafa keypt tækið af Erni fyrir 10.000 krónur og komið báðum tækjunum í geymslu. Ákærði skilaði svo tækjunum til Rannsóknarlögreglu ríkisins við rannsókn málsins.

Við meðferð málsins kvaðst ákærði hafa haldið, að myndbandstæki það, er Y bauð ákærða til sölu, hafi verið smyglað. Kvaðst ákærði hafa keypt annað myndbandstækið af Y, en framangreindur Örn Magnússon hafi keypt hitt. Ákærði kvaðst hafa lesið um innbrotið í verslunina Gelli í dagblöðum eftir páskana 1985 og þá grunað að ofangreind tæki gætu verið úr því innbroti, en kvaðst eftir það hafa keypt tækið af Erni Magnússyni og borgað honum 20.000 krónur fyrir það.

Örn Magnússon, Asparfelli 4, Reykjavík, kannaðist við að hafa keypt myndbandstæki af nefndum Y um páskana 1985 fyrir 20.000 krónur. Kvaðst hann svo hafa séð í blöðum eftir páskana að myndbandstækjum hafi verið stolið úr versluninni Gelli og það komið fram að þau voru af tegundinni ITT, en tækið sem hann hafi keypt hafi einmitt verið þeirrar gerðar. Kvað hann sig hafa farið að gruna að tækið væri stolið og haft samband við ákærða Val Benjamín og beðið hann að losa sig við tækið, þar sem hann þekkti manninn sem seldi tækið. Hafi ákærði Valur Benjamín komið til sin í framhaldi af þessu og tekið tækið og greitt sér 20.000 krónur fyrir það næsta dag.

Ákærði Valur Benjamín hefur gengist við því að hafa keypt mjög vandað myndbandstæki af framangreindum Y um páskana í aprilmánuði árið 1985 fyrir 20.000 krónur og hefur ákærði borið að hann hafi talið tækið vera smyglað, en meðákærði Y hefur borið að ákærði hafi vitað að það var stolið. Ákærði las síðan um innbrot það sem um er fjallað í fyrri lið ákæru þessarar í dagblöðum strax eftir páskana sama ár og grunaði þá að tækið væri stolið, en aðhafðist ekkert. Eftir þetta keypti ákærði myndbandstæki af mági sínum Erni Magnússyni, en ákærði vissi, að Y hafði selt honum það um svipað leyti og ákærði keypti sitt tæki. Keypti ákærði tækið af Erni að beiðni hins síðarnefnda sem vildi koma því til skila vegna gruns um að það væri úr innbrotinu í Gelli. Verður að telja sannað með eigin framburði ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði hafi með því að kaupa framangreint myndbandstæki af meðákærða Y og halda því, þrátt

fyrir grun um að það væri fengið á ólöglegan hátt, stuðlað að því að halda við ólöglegum afleiðingum þjófnaðarbrotisins sem greinir í fyrri ákærulið ákæru þessarar og með því brotið gegn ákvæðum 254. gr. almennra hegningarlaga.

Svo sem ákæru þessari er háttáð verður ákærði hins vegar aðeins sakfelldur fyrir hylmingu á einu myndbandstæki, þar sem hann keypti hitt tækid af fyrrnefndum Erni Magnússyni en eigi meðákærða Y.

Ákæra, dagsett 24. mars 1986.

— — —

Ákærði Valur Benjamin Bragason hefur sætt eftirtöldum refsisdómum: 1978 27/1 4 mán. fangelsi skb. í 3 ár fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.

1979 10/7 6 mán. fangelsi skb. í 2 ár fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1979 16/7 6 mán. fangelsi skb. í 2 ár fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

Þá var ákæru frestað á hendur ákærða skilorðsbundið 2 ár frá 23. júlí 1973 vegana brots gegn 244. gr. hegningarlaga. Hinn 10. júní 1982 sættist hann á sektargreiðslu fyrir brot gegn 50. gr. umferðarlaga, og þann 28. janúar 1987 sættist hann á greiðslu sektar fyrir brot gegn 1. og 7. gr. áfengislaga.

— — —

Viðurlög.

— — —

Ákærði Valur Benjamin Bragason hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 254. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 45 daga. Þar sem ákærði hefur samkvæmt sakavottorði eigi orðið uppvis að hegningarlagabroti síðan hann hlaut dóminn frá 16. júlí 1979, þykir mega fresta fullnustu refsingar hans og skal hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

— — —

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærðu til að greiða skipuðum verjendum sínum málsvarnarlaun sem hér segir: Ákærði X greiði Sigurði Georgssyni hrl. 10.000 krónur, ákærði Valur Benjamin Bragason greiði Hilmarí Ingimundarsyni hrl. sömu

fjárhæð og ákærði Y greiði Kristjáni Stefánssyni hdl. 15.000 krónur. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómarinn getur þess að hann tók við rekstri máls þessa 1. desember sl., en hefur engin afskipti haft af því fyrir þann tíma.

D ó m s o r ð:

Ákærðu X og Y sæti hvor um sig fangelsi 4 mánuði.

Ákærði Valur Benjamín Bragason sæti fangelsi 45 daga, en fresta skal fullnustu refsingar hans og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði Valur Benjamín Bragason greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmarí Ingimundarsyni hrl., 10.000 krónur í málsvarnarlaun, ákærði X greiði Sigurði Georgssyni hrl. 10.000 krónur í málsvarnarlaun og ákærði Y greiði skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hdl., 15.000 krónur í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.